

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 305/1989, um hundahald í Reykjavík,
með síðari breytingum.

1. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. i-liðar 2. gr. orðist svo:

Enn fremur er óheimilt að fara með hunda á eftirtalin útvistarsvæði: Öskjuhlíð, Viðey og Elliðaárdal. Þó er heimilt að vera með hunda í taumi í Víðidal.

2. gr.

Framangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingu, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 3. nóvember 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.